



UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra- og borgarhönnunar

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins - Biðskýli Strætó bs. (R19110061).

Á fundi borgarráðs þann 7. nóvember 2019, var eftirfarandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins vísað til umsagnar stjórnar Strætó bs.:

Komið hefur fram á fundi borgarráðs að Strætó bs. eigi ekki öll biðskýli í Reykjavík.

- 1. Hvað á Strætó bs. mörg biðskýli í borginni?*
- 2. Hvað eiga aðrir aðilar mörg biðskýli í borginni?*
- 3. Komið hefur fram að Strætó eigi þau strætóskýli sem hafa ekki auglýsingagildi en útbod fór fram sem enginn tók þátt í. Innkauparáð Reykjavíkurborgar hefur samþykkt að veita umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar heimild til þess að ganga til samninga við Dengsa ehf um rekstur biðskýla borgarinnar rétt fyrir kosningar. Vitnað er í að samþykkt borgarráðs liggja fyrir eftir heimild Innkauparáðs.*
- 4. Á hvaða fundi borgarráðs var þetta samþykkt?*
- 5. Dengsi ehf. sem er í eigu Billboard hefur tekið yfir rekstur biðskýla sem hafa „auglýsingagildi“ og rekur stóru ljósaskiltin sem víða er verið að setja upp í borginni. Þar með virðist vera komin einokun á öll ljósaskilti í Reykjavík, án útbods með samningi við einn aðila til 15 ára.*
- 6. Reykjavíkurborg hefur gert samning til 15 ára í stað þess að fara í nýtt útbod. Hvað kostar samningurinn á ári og á 15 ára grundvelli fyrir Reykjavíkurborg/Strætó bs?*
- 7. Hver kostar uppsetningu auglýsingaskilta/ljósaskilta sem verið er að setja upp í borginni?*
- 8. Hvað kostar að setja upp hvert skilti?*
- 9. Kemur Orkuveita Reykjavíkur, eða önnur fyrirtæki borgarinnar að kostnaði við uppsetningu skiltanna?*
- 10. Hvaða reglur gilda hjá borginni um uppsetningu ljósaskilta. Voru drög að slíku samkvæmt tillögum vinnuhóps borgarinnar frá því í febrúar 2019 samþykkt sem gildandi reglur og eru þessar uppsetningar núna í samræmi við þær?*

Í framhaldi af vísun erindisins til stjórnar Strætó bs., óskaði skrifstofa borgarstjórnar jafnframt eftir umsögn umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar. Þar sem óljóst var hvert erindinu var beint, láðist að veita umsögn á þeim tíma. Beðist er velvirðingar á þeim drætti sem orðið hefur á svári við umsagnarbeiðninni.

Strætó bs. á engin biðskýli innan Reykjavíkur. Í borginni eru 217 biðskýli í eigu Reykjavíkurborgar og 158 skýli í eigu og umsjón Dengsa ehf. Reiknað er með að skýli Dengsa ehf. verði um 178 fyrir árslok og 210 næsta sumar.

Borgarráð veitti á fundi sínum þann 1. febrúar 2018, umhverfis- og skipulagssviði heimild til að óska eftir tilboðum í uppsetningu, rekstur og viðhald á a.m.k. 210 biðskýlum í borginni, sjá 26. lið fundargerðar, mál ráðsins R18010385. Opið útboð var í framhaldinu auglýst á evrópska efnahagssvæðinu en engin tilboð bárust. Í kjölfarið heimilaði innkauparáð umhverfis- og skipulagssviði að viðhafa samningskaup á grundvelli 39. gr. laga um opinber innkaup, nr. 120/2016, þar sem engin tilboð höfðu borist í opnu útboðsferli, sjá 3. lið fundargerðar innkauparáðs frá 20. apríl 2018, mál ráðsins R18020005.

Þann 7. júní 2018 veitti innkauparáð heimild til að samningsgerðar við Dengsa ehf. í kjölfar samningskaupaviðræðna, sjá 5. lið fundargerðar dags. sama dag. Þann 9. júlí var samningur við Dengsa ehf. undirritaður og var gildistími hans um 15 ár. Samningstíminn var í samræmi við skilmála upphaflegra útboðsgagna enda er við samningskaup samkvæmt a. lið 1. mgr. 39. gr. laga um opinber innkaup, óheimilt að víkja í verulegum atriðum frá upphaflegum skilmálum útboðsgagna.

Samningurinn felur ekki í sér fjárhagslegt endurgjald af hendi Reykjavíkurborgar eða Strætó bs. til Dengsa ehf. vegna uppsetningu skýlanna. Borgin veitir Dengsa ehf. heimild til nýtingar á borgarlandi gegn því að fyrirtækið setji upp og reki biðskýli við tiltekna biðstöðvar Strætó innan Reykjavíkur. Fyrirtækið fær á móti heimild til auglýsinga á biðskýlunum og rétt til að setja upp tiltekinn fjölda auglýsingastanda. Allt er þetta í samræmi við skilmála hins opinberlega auglýsta útboðs. Þar sem borgin ber ekki kostnað af uppsetningu auglýsinga- eða ljósaskilta, liggja ekki fyrir hjá borginni upplýsingar um kostnað við uppsetninguna.

Annar kostnaður borgarinnar í tengslum við samninginn varðar einkum yfirborðsfrágang vegna tenginga við götuljósastrengi og sambærilegt, auk kostnaðar við forritun og hönnun á birtingu rauntímaupplýsinga um strætisvagna. Dengsi ehf. greiðir Orkuveitu Reykjavíkur samkvæmt gjaldskrá fyrir heimitaugar og rafmagn.

Núgildandi samþykkt um skilti í Reykjavík var samþykkt í Borgarráði þann 7. maí 2020, öðlaðist gildi þann 11. maí 2020 og gildir um þau ljósaskilti sem hér um ræðir. Fyrirtækið hefur á samningstíma brugðist fljótt við athugasemdum skrifstofunnar hvað varðar samræmi skilta við samþykktina. Eftirlit með því að mannvirki, þ.á m. auglýsingaskilti, samræmist lögum, reglugerðum og samþykktum er á hendi embættis byggingarfulltrúans í Reykjavík.

Þorsteinn R. Hermannsson
samgöngustjóri

